

**VÖRÐUR TRYGGINGAR HF.  
OG  
VÖRÐUR LÍFTRYGGINGAR HF.**

**Starfsreglur starfskjaranefndar**



## 1. STARFSKJARANEFND STJÓRNA

- 1.1 Starfskjaranefnd er undirnefnd stjórna Varðar trygginga hf. (hér eftir „Vörður“ eða „félagið“) og Varðar líftrygginga hf. (hér eftir „Vörður líf“) og er skipuð af þeim í samræmi við starfsreglur stjórna. Nefndin skal starfa í samræmi við íslensk lög og reglur um góða stjórnarhætti og skal meginhlutverk starfskjaranefndar vera að gera tillögu til stjórnar og endurskoða starfskjarastefnu félagsins en nánara hlutverk og verksvið nefndarinnar er tilgreint í 3. gr.
- 1.2 Störf og ábyrgð starfskjaranefndar hafa ekki áhrif á ábyrgð og skyldur stjórnenda félagsins og stjórnar þess. Breyta störf starfskjaranefndar ekki ábyrgð stjórnar og stjórnenda á rekstri félagsins sem skal vera í samræmi við gildandi lög og reglur á hverjum tíma.

## 2. SKIPUN NEFNDARMANNA OG HÆFI

- 2.1 Stjórnir Varðar og Varðar líf skulu eigi síðar en mánuði eftir aðalfund ár hvert skipa þrjá menn í starfskjaranefnd og jafnframt leggja til hver mun gegna formennsku nefndarinnar. Æskilegt er að stjórnarmenn skipi tvö sæti nefndarinnar, og skal Vörður tryggingar skipa minnst einn nefndarmann og Vörður líf skal skipa einn nefndarmann. Heimilt er að einn aðili utan stjórnar sé skipaður sem nefndarmaður, sem hefur þá sérstaka þekkingu á málefnum og viðmiðum við ákvörðun starfskjara stjórnenda. Starfstímabil nefndarinnar nær frá skipun til næsta aðalfundar.
- 2.2 Meirihluti nefndarmanna skulu vera óháðir félaginu og æðstu stjórnendum þess, þ.á.m. forstjóra. Hvorki forstjóri félagsins né aðrir æðstu stjórnendur þess skulu eiga sæti í starfskjaranefnd.
- 2.3 Nefndarmenn skulu hafa þekkingu og reynslu í samræmi við hlutverk nefndarinnar. Æskilegt er að nefndarmenn hafi reynslu og þekkingu á viðmiðum og venjum við ákvörðun starfskjara stjórnenda og geti áttað sig á hámarksgreiðslum til einstakra stjórnenda, t.a.m. við starfslok og áhrif þeirra á félagið.

## 3. HLUTVERK, ÁBYRGÐARSVIÐ OG HEIMILDIR NEFNDARINNAR

- 3.1 Starfskjaranefnd annast það lögbundna hlutverk að undirbúa ákvarðanir stjórnar Varðar og Varðar líf um almenna starfskjarastefnu félagsins, um starfskjör forstjóra, stjórnenda og stjórnarmanna, sbr. 79. gr. a. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Í starfskjarastefnu skulu koma fram grundvallaratriði varðandi starfskjör stjórnenda og stjórnarmanna og stefnu varðandi samninga við stjórnendur og stjórnarmenn.
- 3.2 Helstu verkefni starfskjaranefndar eru eftirfarandi:
  - a. Að gera tillögu til stjórnar að starfskjarastefnu félagsins og tryggja eftir fremsta megni að þau gögn sem starfskjarastefna byggir á séu skýr og aðgengileg. Nefndin skal leggja fram tillögu um starfskjarastefnu tímanlega, sé ætlun að uppfæra eða breyta, eigi síðar en fyrir síðasta stjórnarfund fyrir aðalfund ár hvert.
  - b. Að undirbúa tillögu til aðalfundar um starfskjör stjórnarmanna og nefndarmanna í undirnefndum stjórnar.
  - c. Að hafa eftirlit með gildandi starfskjarastefnu.
  - d. Að hafa eftirlit með því að laun og önnur starfskjör séu í samræmi við lög, reglur og bestu framkvæmd hverju sinni.
  - e. Að endurskoða árlega í umboði stjórnar, kjaraliði í samningi við forstjóra og aðra starfsmenn, sem kunna að heyra undir stjórn.
  - f. Að taka sjálfstæða afstöðu til áhrifa launa og kaupaukakerfis á áhættutöku og áhættustjórnun félagsins í samráði við endurskoðunarnefnd félagsins.
  - g. Í upphafi hvers árs skal nefndin yfirfara og taka afstöðu til tillagna um greiðslu kaupauka liðins árs og tryggja að greiðslan sé í samræmi við lög og reglur og afgreiða til stjórnar.

- h. Að fara yfir reglubundna úttekt áhættustýringar, regluvörslu og innri endurskoðunar á kaupaukakerfinu.
  - i. Að yfirfara og taka afstöðu til tillögu um megináherslur og viðmið kaupauka komandi árs.
  - j. Að endurskoða kaupaukakerfi a.m.k. árlega til að tryggja að það taki mið af stöðu félagsins hverju sinni og aðstæðum á fjármála- og váttryggingamörkuðum.
  - k. Nefndin skal að minnsta kosti árlega skila skýrslu um störf sín til stjórnar félagsins.
  - l. Önnur verkefni sem stjórn felur starfskjaranefnd.
- 3.3 Ef stjórn eða stjórnendur félagsins vikja frá starfskjarastefnu skal það borið undir starfskjaranefnd til samþykktar og rökstutt í hverju tilfelli fyrir sig og bókað í fundargerð stjórnar.
- 3.4 Starfskjaranefnd getur kallað eftir upplýsingum um kjaramál hjá félaginu eins og henni þykir þörf á hverju sinni, til dæmis varðandi launakjör tiltekinna hópa og jafnlaunamál sé þess þörf. Nefndin skal hafa heimild til að kalla eftir gögnum og upplýsingum frá stjórnendum og öðru starfsfólki félagsins, eftir því sem nauðsynlegt er til að sinna hlutverki sínu samkvæmt reglum þessum. Nefndin getur óskað eftir því að starfsfólk komi á fund nefndarinnar og veiti umbeðnar upplýsingar.
- 3.5 Starfskjaranefnd skal árlega skila skýrslu til stjórnar um störf sín. Árangur starfskjaranefndar og verkefni skulu árlega tekin inn í árangursmat stjórnar sem framkvæmt er í árslok.

## 4. GERÐ STARFSKJARASTEFNU

- 4.1 Starfskjaranefnd gerir tillögu til stjórnar að starfskjarastefnu félagsins varðandi starfskjör stjórnarmanna, stjórnenda og annarra starfsmanna.
- 4.2 Starfskjarastefna skal lögð fyrir aðalfund til samþykktar með eða án breytinga og öðlast gildi þegar aðalfundur hefur samþykkt hana. Starfskjarastefna félagsins skal tekin til endurskoðunar ár hvert í samræmi við ákvæði laga.
- 4.3 Við mótnun og gerð starfskjarastefnu skulu höfð að leiðarljósi þau viðmið sem sett eru fram í hlutafélagalögum, einkum 2. mgr. 79. gr. a. og í Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja, útgáfa 6, sem útgefnar eru af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins. Taka skal ennfremur mið af starfskjarastefnu stærsta hluthafa félagsins, Arion banka hf., og skal starfskjarastefna félagsins ekki vera í andstöðu við þá stefnu.
- 4.4 Við mótnun og gerð starfskjarastefnu skal tekið mið af því að öll gögn sem liggja að baki henni eiga að vera aðgengileg hluthöfum í aðdraganda aðalfundar, og séu breytingar fyrirhugaðar á starfskjarastefnu, eigi síðar en tveimur vikum fyrir aðalfund, sbr. 4. mgr. 88. gr. laga nr. 2/1995.

## 5. FUNDIR STARFSKJARANEFNDAR OG ÁKVÖRÐUNARVALD

- 5.1 Formaður starfskjaranefndar boðar til funda að eigin frumkvæði. Formanni skal heimilt að fela forstjóra félagsins eða ritara að boða til funda. Heimilt er að boða til funda með tölvupósti á tölvupóstfang sem nefndarmenn tiltaka. Fundargögn skulu vera aðgengileg fundarmönnum að jafnaði með a.m.k. tveggja daga fyrirvara.
- 5.2 Fundir skulu haldnir eftir þörfum en að lágmarki tvisvar sinnum á ári og oftast ef formaður nefndarinnar telur þörf á. Fyrsti fundur skal haldinn eigi síðar en á öðrum ársfjórðungi og skal nefndin samþykkja starfs- og fundáætlun í upphafi starfsárs. Forstjóri, stjórnarformaður félagsins eða einstakir nefndarmenn geta óskað eftir því við formann nefndarinnar að halda aukafundi ef einhver málefni koma upp sem kalla á fundi nefndarinnar.
- 5.3 Fundir starfskjaranefndar eru lögmætir ef a.m.k. tveir nefndarmenn taka þátt. Þátttaka á fundum í síma eða með fjarfundarbúnaði er heimil og telst vera fullgild þátttaka. Meirihluti atkvæða ræður

úrslitum mála. Atkvæðagreiðsla er endanleg um lyktir máls. Falli atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns.

- 5.4 Færa skal rafræna fundargerð um það sem gerist á fundum starfskjaranefndar. Fundargerðir nefndarinnar skulu bornar upp til samþykktar og undirritaðar af þeim nefndarmönnum sem sátu fundinn, sé það unnt. Nefnd er heimilt að staðfesta fundargerðir með fullgildri rafrænni undirritun. Fundargerðir skulu vistaðar á rafrænu formi á vefgátt sem aðgengileg er bæði nefndarmönnum og stjórnunum. Að öðru leyti en hér kemur fram skulu sömu reglur gilda um fundargerðir nefndarinnar og fundargerðir stjórna, sbr. 6. gr. starfsreglna stjórna.

## 6. UPPLÝSINGAR UM STÖRF STARFSKJARANEFNDAR

- 6.1 Stjórnir Varðar og Varðar líf skulu hafa aðgang að fundargerðum starfskjaranefndar.

## 7. ÞAGNAR- OG TRÚNAÐARSKYLDA

- 7.1 Á nefndarmönnum hvílir þagnar- og trúnaðarskylda um málefni og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu sem nefndarmenn og leynt skulu fara samkvæmt samþykktum, lögum eða eðli máls, nema um sé að ræða málefni sem stjórn félaganna ákveða að gera opinber eða slíkt leiðir af ákvæðum laga eða samþykktum. Þagnarskylda helst þó látið sé af starfi.
- 7.2 Nefndarmenn skuldbinda sig til að hagnýta sér hvorki í eigin þágu eða þágu annarra, vitneskju eða hugmyndir, sem þeir fá aðgang að vegna starfa sinna á vegum starfskjaranefndar. Gildir það bæði um trúnaðarupplýsingar sem eru afhentar frá utanaðkomandi aðilum sem og innanhússupplýsingar.
- 7.3 Nefndarmenn bera sjálfir ábyrgð á því að gögn sem þeim eru afhent, á hvaða formi sem er, fari ekki lengra eða komist ekki á annan hátt í hendur aðila utan nefndarinnar.

## 8. ÚRSÖGN ÚR STARFSKJARANEFND

- 8.1 Nefndarmanni er hvenær sem er heimilt að segja sig úr starfskjaranefnd. Þá er meirihluta stjórnar heimilt að víkja nefndarmanni úr nefndinni án rökstuðnings og án fyrirvara ef þurfa þykir. Stjórn Varðar, eða eftir atvikum stjórn Varðar líf ef fráfarandi nefndarmaður er fulltrúi þeirrar stjórnar, skal skipa annan nefndarmann við fyrsta tækifæri, og eigi síðar en innan mánaðar, í stað þess sem víkur sæti.

## 9. ENDURSKOÐUN STARFSREGLNA STARFSKJARANEFNDAR

- 9.1 Reglur þessar voru settar með hliðsjón af ákvæðum hlutafélagalaga nr. 2/1995 einkum 79. gr. a., og með hliðsjón af 6. útg. leiðbeininga Viðskiptaráðs Íslands, Nasdaq Iceland hf. og Samtaka atvinnulífsins um stjórnarhætti fyrirtækja útg. 2021.
- 9.2 Reglur þessar eru bindandi fyrir nefndarmenn og skulu þær yfirfarnar árlega af nefndarmönnum en af stjórn eftir þörfum og þegar breytingar eru lagðar til. Reglurnar skulu birtar á heimasíðu félagsins.

## 10. UNDIRRITUN

Þannig samþykktar með bókun í fundargerð stjórna Varðar trygginga hf. og Varðar líftrygginga hf. á stjórnarfundi 19. maí 2022 og öðlast reglurnar gildi þá þegar.